

29.1. 2016

369. mál

Góðan dag,

Við hjá Sambandi íslenskra kvikmyndmyndaframleiðenda og Samtökum iðnaðarins viljum þakka fyrir tækifærið í gærmorgun til að ræða við nefndina um athugasemdir SÍK við fyrirbyggjandi frumvarp til laga um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér landi (miðastyrkir).

SÍK vill árétta ánægju sína með frumvarpið og telur mikilvægt að það verði að lögum. Í umsögn SÍK um frumvarpið var lögð til sú breyting á 3. málsl. 1. gr. frumvarpsins að styrkir yrðu einnig greiddir vegna sýninga á árinu 2012.

Væru þá nýttir þeir fjármunir sem úthlutað var til Kvikmyndamiðstöðvar í formi miðastyrkja fyrir það ár, samtals kr. 15.000.000, í samræmi við samkomulag kvikmyndaframleiðenda og stjórnvalda frá árinu 2011.

Rökin fyrir þeirri tillögu SÍK er að strax á árinu 2012 lagðist aukinn kostnaður á kvikmyndaframleiðendur. Þótti okkur ástæða til að útskýra það aðeins nánar.

Áðurnefnt samkomulag hafði þann einfalda tilgang að koma átti til móts við áhrif af álagningu virðisaukaskatts á aðgöngumiða að sýningum á íslenskum kvikmyndum sem áður höfðu verið undanþegin virðisaukaskatti. Í ljósi þess að sýningaraðilum var óheimilt að færa virðisaukaskattinn af sýningartekjunum sem innskatt og fá hann fráttarþæran var undanþágan af álagningu virðisaukaskatts af aðgöngumiðum til ama fyrir sýningaraðila og kvikmyndaframleiðendur. Því hafði kvikmyndaíðnaðurinn forgöngu um að undanþágan yrði afnumin enda þurftu kvikmyndaframleiðendur að innheimta virðisaukaskatt af sölu á sýningarrétti til kvikmyndahúsanna en sýningaraðilar, sem voru í blandaðri starfsemi, gátu ekki fært virðisaukaskattinn af sýningartekjunum sem innskatt og fengið hann frádráttarþæran, eins og áður segir. Eftir að samkomulagið var undirritað og áður en undanþágan var afnumin 1. janúar 2013 brugðu sýningaraðilar á það ráð að velta öllum kostnaði, sem þeir hefðu annars nýtt sér til innskóttunar, yfir á kvikmyndaframleiðendur. Lagðist því með þessu aukinn kostnaður á kvikmyndaframleiðendur sem hefði ekki orðið raunin ef undanþágan af virðisaukaskattinum hefði verið afnumin strax í janúar 2012, eins og til stóð.

Með vísan til samkomulagsins, þess kostnaðar sem sannarlega lagðist á kvikmyndaframleiðendur árið 2012 sem og hversu lengi kvikmyndaframleiðendur hafa beðið eftir efndum á áðurnefndu samkomulagi telja SÍK að þeir fjármunir sem sérstaklega voru eyrnamerkir miðastyrkjum á fjárlögum fyrir árið 2012 eigi að koma til útgreiðslu skv. fyrirbyggjandi frumvarp.

Vonandi skýrir þetta betur afstöðu okkar en hafið óhikað samband ef einhverjum spurningum er enn ósvarað.

Bestu kveðjur,
Björg Ásta

SAMTÖK IÐNAÐARINS / FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES
Björg Ásta Þórðardóttir hdl.

bjorga@si.is - bs/dir +354 824 6125

Borgartún 35 - 105 Reykjavík - Iceland
www.si.is - mottaka.si.is
Sími / tel. +354 591 0100